

**Sp.**

**234. Tillaga til þingsályktunar**

[163. mál]

um jöfnun símgjalda.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Lárus Jónsson, Helgi F. Seljan,  
Pétur Pétursson, Karvel Pálmason, Matthías Bjarnason,  
Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að haga endurskoðun gjaldskrár Landsímans þannig, að sem fyrst verði náð sem mestum jöfnuði með landsmönnum í kostnaði við notkun símans og dreifbýli og höfuðborgarsvæðið beri hlutfallslega sömu byrði hinna sameiginlegu heildarsímaútgjalda. Sérstaklega ber að stefna að því, að:

1. símgjöld innan eins svæðisnúmers eða landshluta verði hin sömu um land allt,
2. gjöld fyrir símtöl úr dreifbýli til höfuðborgarsvæðisins lækki verulega.

**Greinargerð.**

Í þingsályktun um millipinganefnd í byggðamálum, sem samþykkt var í lok síðasta Alþingis, er svo fyrir lagt, að nefndin skuli leggja fram þegar í upphafi næsta þings þau mál, sem hún telur, að ekki þoli bið. Nefndin er með ýmis slík mál í athugun. Eitt af þeim málum er jöfnuður á símgjöldum íbúa dreifbýlis og þéttbýlis. Hefur nefndin orðið sammála um að leggja fram tillögu til þingsályktunar um jöfnun símgjalda.

Að minnsta kosti á undanförunum þremur þingum hafa verið lagðar fram tillögur til þingsályktunar um endurskoðun á gjaldskrá Landssímans, sem allar stefndu að auknum jöfnuði símgjalda.

Í greinargerð með tillögu þeirri, sem flutt var af 8 þingmönnum á tveimur síðustu þingum, sagði svo m. a.:

„Með útbreiðslu á sjálfvirku símakerfi hefur landinu verið skipt í 9 svæði. Hefur hvert svæði hlotið sérstakt svæðisnúmer, frá 91 til 99. Fyrir símtöl innan hinna 9 svæða gilda hins vegar mismunandi gjaldskrár.

Á Reykjavíkursvæðinu geta símnotendur hringt í öll númer í Reykjavík, Kópavogi, Garðahreppi, Bessastaðahreppi og Hafnarfirði á einu og lágsta gjaldi. Munu það vera nálægt 40 000 númer. Auk þess eru á þessu svæði flestar opinberar stofnanir og fyrirtæki, sem allur þorri landsmanna þarf að leita til.

Innan annarra svæða gildir allt önnur regla. Þar er gjald mjög breytilegt innan eins og sama svæðis. Víða getur símnotandi aðeins hringt í fáeina tugi númera á lágsta gjaldi, en verður víðast að greiða hærra gjald, þegar er hann hringir í næstu sveit.

Ört hækkandi gjald með fjarlægð veldur einnig íbúum dreifbýlisins miklum útgjöldum. Þeir þurfa að sjálfsögðu ekki síður að leita símleiðis til opinberra stofnana og fyrirtækja í Reykjavík en íbúar þess svæðis. Hins vegar er ljóst, að fyrir hina fyrrnefndu er slíkt langtum kostnaðarmeira en fyrir íbúa Reykjavíkursvæðisins.“

Þótt tillaga þessi hlyti viðtækan stuðning þingmanna við umræður á Alþingi, náði hún ekki fram að ganga. Mun í nefnd hafa verið talið, að málið þyrfti nánari athugunar við.

Millipinganevnd í byggðamálum hefur m. a. skoðað málið á fundi með póst- og símamálastjóra. Á þeim fundi komu m. a. fram eftirgreindar upplýsingar um símgjöld.

**Skrá um skiptingu símgjalda milli umframsímgjalda og ársfjórðungsgjalda á árunum 1969 til 1973.**

		Umframgjöld		Ársfjórðungsgjöld	Ath.
		bús. kr.		lágmarksgjöld	
		bús. kr.		bús. kr.	
1969	Höfuðb.-svæðið .....	77	378	110 839	
	Dreifb. ....	73	966	52 878	
1970	Höfuðb.-svæðið .....	96	457	114 858	
	Dreifb. ....	106	923	47 445	
1971	Höfuðb.-svæðið .....	123	888	135 076	
	Dreifb. ....	142	946	59 253	
					Íbúar
1972	Höfuðb.-svæðið .....	150	744	154 346	106 160 1/12 '72
	Dreifb. ....	158	963	67 825	63 443 1/12 '72
1973	Höfuðb.-svæðið .....	183	974	182 918	
	Dreifb. ....	87	520	34 766	½ ár

Í ljós kemur, að umframgjöld í dreifbýli eru yfirleitt meira en tvöfalt hærri en hin almennu afnotagjöld. Í þéttbýli er þessu hins vegar öfugt farið. Á árunum 1969—1972 eru umframgjöldin í öllum tilfellum lægri en afnotagjöldin.

Þessi ójöfnuður stafar að sjálfsögðu af því, að á Reykjavíkursvæðinu er lengd símtala ótakmörkuð á svæði, sem nær yfir um eða yfir 40 000 númer, þar á meðal eru flestallar opinberar stofnanir og þjónustuaðilar, en í dreifbýlinu nær sú regla aðeins til símnotenda í næsta nágrenni, sem eru venjulega örfáir. Hins vegar þurfa íbúar dreifbýlisins ekki síður og raunar fremur en íbúar þéttbýlisins að leita símleiðis til opinberra stofnana og þjónustuaðila á höfuðborgarsvæðinu. Hinn tölulegi samanburður á afnotagjöldum og umframgjöldum staðfestir vel þann ójöfnuð, sem þannig ríkir.

Nefndin leggur áherslu á, að jafna verður þennan ójöfnuð eins og frekast er unnt og sem fyrst. Eðlilegast virðist, að það sé gert við næstu breytingar, sem gerðar verða á gjaldskrá Landssímans.

Nefndin telur, að í þessu sambandi beri sérstaklega að stefna að tvennu:

Í fyrsta lagi er nauðsynlegt, að sömu reglur gildi um símgjöld innan allra svæðanna. Í sumum tilfellum getur þó verið eðlilegra, að sá jöfnuður sé bundinn við landshluta fremur en svæðisnúmer, þar sem slíkt fer ekki saman. Að öðrum kosti nær þessi breyting ekki þeim megintilgangi að lækka kostnað við símtöl við þjónustumiðstöðvar landshlutans. Um þetta þyrfti að hafa samráð við heimamenn.

Á fundi með póst- og símamálastjóra kom fram, að vegna skorts á flutningsgetu lengri lína muni ekki kleift að ná þessu markmiði um eitt og sama símgjald innan allra svæða nema í áföngum með lökkun gjaldflokka. Nefndin efast ekki um, að þetta sé rétt, en leggur áherslu á, að stefna ber engu að síður að því, að símgjöld þeirra, sem fjærst búa frá þjónustumiðstöðvum, verði hin sömu og hinna, sem nær eru.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að lækka símgjöld úr dreifbýli við höfuðborgarsvæðið. Það er réttlætismál að auðvelda íbúum dreifbýlisins samskipti við opinberar stofnanir og þjónustumiðstöðvar.

Nefndinni þótti ekki kleift að leggja til, að umræddum jöfnuði yrði náð innan tilskilins tíma. Ljóst er, að þetta verður að gerast stig af stigi. Hins vegar leggur nefndin áherslu á, að þetta verði gert eins fljótt og frekast er unnt. Virðist eðlilegt að gera ráð fyrir því, að verulegum jöfnuði verði náð á næstu þremur árum.